

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 172/2013

2014/EES/13/20

frá 8. október 2013

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/832/ESB frá 7. desember 2011 um leiðbeiningar varðandi samskráningu í ESB, skráningu í þriðju löndum og hnattræna skráningu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1eac (felldur brott) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„lead. **32011 D 0832**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/832/ESB frá 7. desember 2011 um leiðbeiningar varðandi samskráningu í ESB og þriðju löndum og hnattræna skráningu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) (Stjtið. ESB L 330, 14.12.2011, bls. 25).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/832/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. október 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. október 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Dórir Ibsen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 330, 14.12.2011, bls. 25.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.